

Föstudaginn 29. sept. 1933.

Nr. 32/1933. Jón Arinbjarnarson og kona hans
Hrefna Sigurgeirsdóttir

gegn

bæjargjaldkera Reykjavíkur, f. h.
bæjarsjóðs

Dómur hæstaréttar

Áfrýjandi, Jón Arinbjarnarson, mætti fyrir hönd sína og konu sinnar og bað um frest til nóvembermánaðar, sökum þess að hann hefði ekki getað fengið dómsgjörðir í málinu, og hefði því ekki getað lagt fram ágripsútskrift í því. Af hálfu stefnda var mætt og mótmælt öllum fresti og krafizt frávísunar og ómaksbóta.

Málið var þingfest í maímánuði þ. á. og áfrýjendum var þá veittur frestur til septembermánaðar, og með því að þeir nú hafa ekki fært sönnur á, að þeir hafi árangurslaust beiðst dómsgjörða, verður þeim eigi veittur fresturinn og ber því að frávísa málinu og dæma þá til að greiða stefnda ómaksbætur, er ákveðast 40 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu visast frá hæstarétti.

Áfrýjendurnir, Jón Arinbjarnarson og Hrefna Sigurgeirsdóttir, greiði in solidum bæjarstjórn Reykjavíkur 40 krónur í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.